



Fundargerð – 522. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 9. febrúar 2021, kl. 16:30. Fundurinn var haldinn með fjarfundarformi.

Mættir: Öundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Bráðabirgðauppgjör 2020.
3. Umhverfisstefna Kölku.
4. Áhersluverkefni SSS.
5. Flugöskugeymsla „Sóðahallarmál“.
6. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra:

1. Framkvæmdastjóri greindi frá fundi öryggisnefndar í janúar þar sem m.a. var farið yfir fyrirbyggjandi aðgerðir í skráningarkerfinu „Atvik“.
2. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu starfsmannamála.
3. Framkvæmdastjóri greindi frá yfirstandandi vinnu verkefnisstjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum vegna frumvarps umhverfisráðherra um hringrásarhagkerfi og kynnti og lagði fram drög verkefnisstjórnarinnar að umsögn um frumvarpið.
4. Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með umhverfisráðherra þann 4. feb. sl. um byggingu nýrrar brennslu í Helguvík.
5. Að jafnaði var brennt um 150 kg. meira á klukkustund í janúar en á sama tíma í fyrra. Enginn efnisskortur var í janúar og ekki heldur fyrir ári. Gott ástand á stöðinni og góð vinna starfsfólks í stöðinni eru meginástæður þessa árangurs.
6. Framkvæmdastjóri greindi frá vandkvæðum sem hafa komið upp vegna losunar á rotnum fiskúrgangi. Viðskiptavinum hefur verið bent á að lykilatriði sé að hindra að úrgangurinn úldni svo hægt sé að losna við hann til nýtingar, í brennslu eða urðun.
7. Áfram er unnið að innleiðingu nýs vigtarkerfis. Talsvert er um hnökra sem þarf að lagfæra.
8. Framkvæmdastjóri fór yfir rýni á stefnu umhverfisráðherra í úrgangsmálum og frumvarpi til laga um sama málaflokk. Hvort tveggja liggur nú frammi í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

2. **Bráðabirgðauppgjör 2020:** Framkvæmdastjóri lagði fram drög að ársreikningi fyrir 2020 og kynnti helstu lykiltölur. Auk þess greindi hann frá þeim liðum sem þarf að skoða betur til að ganga frá endanlegum ársreikningi. Ljóst er að rekstrarniðurstaða ársins er vel viðunandi og með vísbendingum um að áherslur stjórnar og stjórnenda í Kölku séu að skila árangri.

Framkvæmdastjóri gerði tillögu um að honum og stjórnarformanni verði falið að greiða inn á höfuðstól lána samhliða könnun á endurfjármögnun lána. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

3. Stefnumótun stjórnar: Stjórnarformaður setti fram og kynnti drög að endurnýjaðri umhverfisstefnu og markmiðum Kölku. Umhverfisstefna var samþykkt og framkvæmdastjóra falið að útfæra framsetningu og senda til stjórnar fyrir birtingu.

4. Áhersluverkefni SSS.

Stjórnarformaður kynnti tillögu framkvæmdastjóra SSS að samstarfi við Kölku að verkefni um framtíðaruppbyggingu í Helguvík. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum við SSS.

5. Flugöskugeymsla.

Eftir fund í síðustu viku þar sem borinn var saman kostnaður við núverandi skipan mála með Fitjabraut og Njarðvíkurhöfn og hins vegar Helguvíkurveg 5 og Helguvíkurhöfn er niðurstaðan þessi, eins nákvæm og forsendur leyfa. Ávinningur til skamms tíma er lítill en ef horft er til 5 ára eða meira er hann nokkur. Framkvæmdastjóra og Páli Orra falið að taka saman allar forsendur útreikninga sem verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundi til afreiðslu.

6. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:20
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 9. mars 2021.

Fundargerð samþykkt með tölvupóstum.

Önundur Jónasson

Ásrún Kristinsdóttir

Laufey Erlendsdóttir

Páll Orri Pálsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Steinþór Þórðarson